

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Fellahrepps 2000-2012, iðnaðarsvæði norðan Fellabæjar, Fljótsdalshéraði.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 28. nóvember 2007 staðfest breytingu á aðalskipulagi Fellahrepps 2000-2012 frá 11. febrúar 2001.

Breytingin felst í því að áætlað er að 5,32 ha landbúnaðarsvæði norðan Fellabæjar breytist í iðnaðarsvæði.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytinu, 28. nóvember 2007.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

\_\_\_\_\_  
*Logi Kjartansson.*